

4. Bréf dómstjórarnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um brot á móti veiðilögnum.

1870.
8. febrúar.

Með bréfi, dagsettu 6. septbrm. f. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað útskrift af prófi, sem haldið hefir verið við lögreglurétt þingeyjar sýslu, útúr grein, sem stóð í 11ta og 12ta blaði „Norðanfara“ 1868, um að skipshafnirnar á gufuskipinu *Thomas Roys*, sem Kaptainlieutenant *Hammer* ræður fyrir, og af tveimur öðrum skipum, „Berufirði“ og „Skallagrími“, hafi brotið gegn tilskipun 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, og um leið farið þess á leit, að það verði brýnt fyrir hinu danska fiskifèlagi, að leiða athygli skipstjóra að nefndri tilskipun og þá einkum að 3., 9., 10. og 11. gr.

Jafnframt og stjórnarráðið sendir yður útdrátt af eptirriti af héraðlútanda bréfi frá Kaptainlieutenant *Hammer* og sömuleiðis eptirrit af skýrslum, sem hann hefir útvegað frá skipstjórum á skipunum „Berufirði“ og „Skallagrími“, *H. R. Tvede* og *N. C. Rasmussen*, tilkynnist yður hërmed til leiðbeiningar, að stjórnarráðið þykist ekki hafa næga ástæðu til að halda lengra út í þetta mál.

5. Bréf dómstjórarnarinnar til stiptamtsmannsins yfir Íslandi, um yfirgang frakkneskra fiskimanna.

8. febrúar.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður aptur, herra stiptamtmaður, umkvartanir þær, er hingað bærust með bréfi yðar, dagsettu 6. oktbrm. f. á., frá presti sira Hákoní Espólin að Kolfreyju- stað í Suðurmúlasýslu, um yfirgang frakkneskra fiskimanna og skemmdir þær, sem þeir hafa gjört á æðarvarpi staðarins, skorum vèr á yður, að bera upp mál þetta við foringjann yfir hinum frakknesku herskipum við Ísland, sem von er á til Reykjavíkur í sumar, og, ef svo ber undir, að sjá svo um, að vitnaleiðsla verði við höfð til að skýra málið.